



BYGGÐASTOFNUN

## Byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa

Skýrsla unnin fyrir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í september 2015





**Byggðaleg áhrif  
Innflutningsbanns Rússa**

**Anna Lea Gestsdóttir  
Snorri Björn Sigurðsson**

**15. september 2015  
Byggðastofnun**

## Efnisyfirlit

Töflur og myndir.....	1
Niðurstöður.....	2
Fyrirvarar.....	4
Inngangur.....	5
Veiðar uppsjávarfisks.....	6
Útflutningur til Rússlands .....	8
Áhrif innflutningsbannsins.....	9
Makrílveiðar smábáta.....	11

## Tölur

Tafla 1. Útflutningur á Rússland júní 2014 til maí 2015. Hagstofa Íslands. Útflutt magn til Rússlands gegnum Klaipeda og Rotterdam áætlað.....	8
Tafla 2. Áætlað tekjutap sjómanna og landverkafólks. Verðlagsstofa skiptaverðs, Hagstofa Íslands og kjarasamningar sjómanna og landverkafólks. ....	9
Tafla 3. Áætlað heildartekjutap sjómanna og landverkafólks. Verðlagsstofa skiptaverðs, Hagstofa Íslands og kjarasamningar sjómanna og landverkafólks.....	9

## Myndir

Mynd 1. Afli á loðnu, makríl og síld eftir löndunarhöfnum júní 2014 til maí 2015.....	6
Mynd 2. Hlutfallsskipting afla á loðnu, makríl og síld eftir löndunarhöfnum frá júní 2014 til maí 2015 ..	7
Mynd 3. Makrílafli smábáta eftir höfnum 2014 .....	11

## Niðurstöður

Samkvæmt upplýsingum sem aflað var eru áhrif innflutningsbannsins á einstök byggðarlög sem hér segir að mati starfsmanna Byggðastofnunar:

**Mikil áhrif:** Þórshöfn, Raufarhöfn, Vopnafjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Höfn, Vestmannaeyjar, Snæfellsbær, Garður.

**Lítill áhrif/engin áhrif:** Grindavík, Sandgerði, Reykjanesbær, Reykjavík, Hafnarfjörður, Akranes, Búðardalur, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bolungarvík, Ísafjörður, Hólmavík, Skagaströnd, Sauðárkrúkur, Siglufjörður/Ólafsfjörður, Dalvík, Akureyri, Grenivík, Húsavík, Seyðisfjörður.

Almennt gera fyrirtæki ekki ráð fyrir að segja upp starfsfólki að svo stöddu en á sumum stöðum er verið að nýta takmarkaðan bolfiskkvóta. Hins vegar mun ekki koma til ráðninga vegna vaktavinnu við frystingu makríls og loðnu sem hefur verið búðót víða og sums staðar mjög mikil.

Þó atvinnuleysi sé lítið er vinnumarkaður í þeim byggðalögum þar sem uppsjávarveiðar skipta mestu máli þannig að ekki er hlaupið í önnur störf. Litlar sem engar líkur eru til að fá störf sem gefa sambærilega tekjumöguleika. Fyrir fólkið í frystingunni sem hefur bætt sér tekjur með miklum vinnutörnum, þegar vertíð hefur staðið sem hæst, verður tekjufallið tilfinnanlegt.

Heildaráhrif innflutningsbannsins eru metin út frá þrem sviðsmyndum þar sem aðeins er horft til uppsjávarafurða:

1. Að 30% af afurðum sem fóru á Rússlandsmarkað fari í bræðslu en 70% afurða fari á nýja markaði.
2. Að 50% fari í bræðslu og 50% á nýja markaði.
3. Að 70% fari í bræðslu og 30% á nýja markaði.

### Helstu upplýsingar um tekjutap

- Samtals má reikna með að tekjutap sjómanna og landverkafólks vegna innflutningsbannsins geti verið á bilinu 990 (1.300 - 310) milljónir til 2.550 (2.900 - 350) milljónir á heilu ári.
- Tekjutap sjómanna er áætlað 440 til 1.000 milljónir en talið er að 400 sjómenn verði fyrir tekjutapi.
- Tekjutap landverkafólks við frystingu er talið geta verið á bilinu frá 860 til 1.870 milljóna en talið er að 780 manns verði fyrir tekjutapi.

- Samtals verða 1.180 sjómenn og landverkamenn fyrir tekjutapi á bilinu 1.300 til 2.900 milljónir
- Á móti kemur að vegna aukinnar bræðslu þarf 220 fleiri starfsmenn til starfa í bræðslunum og eru laun til þeirra áætluð á bilinu frá 310 til 350 milljónir.
- Tekjutap sveitarsjóða vegna lægri útsvarstekna er áætlað á bilinu 143 til 364 milljónir og tekjutap vegna lægri aflagjalda er áætlað allt að 43 milljónum.

## Fyrirvarar

Í þessari skýrslu eru heildaráhrif innflutningsbanns Rússa metin út frá þrem sviðsmyndum þar sem aðeins er horft til uppsjávarafurða:

1. Að 30% af afurðum sem fóru á Rússlandsmarkað fari í bræðslu en 70% afurða fari á nýja markaði.
2. Að 50% fari í bræðslu og 50% á nýja markaði.
3. Að 70% fari í bræðslu og 30% á nýja markaði.

Aðrar forsendur og mælingar:

- Horft er til þess magns sem veiddist á tímabilinu júní 2014 til maí 2015.
- Metin eru þau áhrif sem innflutningsbannið hefur á tekjur sjómanna og landverkafólks í frystingu og bræðslu.
- Metin eru þau áhrif sem innflutningsbannið hefur á útsvarstekjur og aflagjöld.

Ekki er reynt að leggja mat á:

- áhrif útflutningsbannsins á afkomu fyrirtækja.
- tap vegna minni umsvifa í öðrum atvinnugreinum eða afleiddum störfum.
- tekjutap ríkisins sem er umtalsvert til dæmis í formi lægri skatttekna og tryggingargjalds.

Hvað varðar mat á áhrif í einstökum byggðarlögum verður að hafa í huga að svör voru mis ítarleg og í einhverjum tilvikum fengust ekki svör frá aðilum sem leitað var til.



### Inngangur

Þann 14. ágúst 2015 fór Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þess á leit að Byggðastofnun tæki saman upplýsingar um byggðaleg áhrif viðskiptabanns Rússa. Þegar var hafist handa og gagnaöflun undirbúin.

Haldinn var fundur með starfsmönnum ráðuneytisins og í framhaldinu var rætt við starfsfólk Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um gagnaöflun. Þá var óskað eftir upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda, þeim sveitarfélögum sem talin eru eiga mestra hagsmuna að gæta og loks var sveitarfélögum sem eiga aðild að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga boðið að koma ábendingum á framfæri.


Loks var svo að ósk Forsætisráðuneytisins haft samráð við Starfsgreinasambandið og Sjómannasambandið.

Að höfðu samráði við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) varð að ráði að þau öfluðu upplýsinga um heildaráhrifin en síðan var leitað til sveitarfélaga og fyrirtækja um staðbundin áhrif. Upplýsingar um heildaráhrifin eru fengnar frá SFS.


## Veiðar uppsjávarfisks

Hér er sjónum beint að uppsjávarfiskunum loðnu, makríl og síld vegna þess að innflutningsbann Rússa hefur fyrst og fremst áhrif á sölu þeirra tegunda.

Á því tímabili sem er til umfjöllunar í þessari greinargerð, það er frá júní 2014 til maí 2015, veiddust 335 þúsund tonn af loðnu, 139 þúsund tonn af síld og 153 þúsund tonn af makríl. Stærstu löndunarstaðir í tonnum voru eins og sjá má á Mynd 1 og Mynd 2. Langmestu var landað í Fjarðabyggð en aðrir stærstu löndunarstaðir uppsjávarskipa voru Þórshöfn, Vopnafjörður, Höfn, Vestmannaeyjar, Reykjanesbær og Akranes.



Mynd 1. Afli á loðnu, makríl og síld eftir löndunarhöfnum júní 2014 til maí 2015



Mynd 2. Hlutfallsskipting afla á loðnu, makríl og síld eftir löndunarhöfnum frá júní 2014 til maí 2015

## Útflutningur til Rússlands

Það tímabil sem tekið var til skoðunar náði til 12 mánaða, frá júní 2014 til maí 2015, en nýjustu tollaupplýsingar eru frá maí 2015. Rússland var á þessu tímabili langstærsti einstaki markaðurinn fyrir uppsjávarafurðir og hefur verið undanfarin ár. Inni í þessum tölum er gert ráð fyrir þeim útflutningi sem fór á Rússlandsmarkað eftir umskipun í Klaipeda og Rotterdam.

### Útflutningur á Rússland júní 2014 til maí 2015

Tollnúmer	Áætlað hlutfall af heildarútfluttu magni á Rússland
03035420 - Heilfrystur, slægður og hausskorinn makrill	68%
03049948 - Síldarsamflök (butterflies eða flaps)	78%
03035410 - Heilfrystur, óslægður makrill, með haus	36%
03035100 - Heilfryst síld	91%
03038911 - Landfryst heil loðna	69%
03038912 - Sjófryst heil loðna	48%
03038943 - Sjófrystur, hausskorinn karfi	15%
03039030 - Fryst loðnuhrogn	34%
03038950 - Heilfrystur gulllax	43%
03048620 - Sjófryst síldarflök	31%
03048610 - Landfryst síldarflök	38%

Tafla 1. Útflutningur á Rússland júní 2014 til maí 2015. Hagstofa Íslands. Útflutt magn til Rússlands gegnum Klaipeda og Rotterdam áætlað.

Þær afurðir sem Rússlandsmarkaður er mikilvægastur fyrir eru; heilfrystur slægður og hausskorinn makrill, síldarsamflök, heilfrystur óslægður makrill með haus, heilfryst síld, landfryst heil loðna og fryst loðnuhrogn. Útflutningsverðmæti þessara afurða til Rússlands voru 24 milljarðar á umræddu 12 mánaða tímabili. Útflutt magn til Rússlands af heildarútflutningi var mismunandi, eða frá 91% í heilfrystri síld og niður í 34% í frystum loðnuhrognum.

## Áhrif innflutningsbannsins

Til að áætla áhrif innflutningsbannsins á sjómenn, landverkafólk og sveitarfélögin hefur einungis verið horft á uppsjávarafurðir þó svo að stór markaður sé í Rússlandi fyrir gulllax og karfa.

Reiknað er með að innflutningsbannið hafi áhrif á 400 sjómenn, 780 landverkamenn við frystingu og 220 landverkamenn við bræðslu. Alls hefur því innflutningsbannið bein áhrif á laun 1.400 manns.

### Áætlað tekjutap sjómanna og landverkafólks, miðað við sviðsmyndirnar þrjár

	Áætlað áhrif á hvern starfsmann á ársgrundvelli (milljónir króna)			
	Áætlaður fjöldi starfa	30% fari í bræðslu	50% fari í bræðslu	70% fari í bræðslu
Sjómenn	400	-1,1	-1,8	-2,5
Landverkafólk við frystingu	780	-1,1	-1,8	-2,4
Landverkafólk við bræðslu	220	1,4	1,5	1,6
<b>Samtals</b>	<b>1.400</b>			

Tafla 2. Áætlað tekjutap sjómanna og landverkafólks. Verðlagsstofa skiptaverðs, Hagstofa Íslands og kjarasamningar sjómanna og landverkafólks.

Samkvæmt þessu er launatap hvers sjómanns á bilinu frá 1.1 milljón til 2.5 milljóna. Launatap landverkafólks er á bilinu 1.1 milljón til 2.4 milljónir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að meira fari í bræðslu og því er áætlað að launagreiðslur til hvers landverkamanns í bræðslu hækki um 1.4 til 1.6 milljónir

### Áætlað heildartekjutap sjómanna og landverkafólks, miðað við sviðsmyndirnar þrjár

	Áætluð heildar áhrif á ársgrundvelli (milljónir króna)			
	Áætlaður fjöldi starfa	30% fari í bræðslu	50% fari í bræðslu	70% fari í bræðslu
Sjómenn	400	-440	-720	-1.000
Landverkafólk við frystingu	780	-858	-1.404	-1.872
Landverkafólk við bræðslu	220	308	330	352
<b>Samtals</b>	<b>1.400</b>			

Tafla 3. Áætlað heildartekjutap sjómanna og landverkafólks. Verðlagsstofa skiptaverðs, Hagstofa Íslands og kjarasamningar sjómanna og landverkafólks

Samkvæmt þessu liggur heildarlaunatap sjómanna á bilinu frá 440 milljónum og upp í 1.000 milljónir. Heildarlaunatap landverkafólks við frystingu liggur á bilinu frá 858 milljónum til 1.872 milljóna. Laun landverkafólks við bræðslu munu hins vegar hækka á bilinu 308 milljónir til 352 milljónir.

Tap sveitarfélaganna vegna lægri útsvarstekna liggur á bilinu 143 til 364 milljónir og töpuð aflagjöld hafna á bilinu 13 til 43 milljónir eða alls 156 til 409 milljónir.


Ekki hefur verið reynt að leggja mat á tap óbeinna starfa vegna minni löndunar til frystingar. Ekki hefur heldur verið lagt mat á margfeldisáhrifin vegna tekjutapsins. Ætla má að þau séu önnur eins upphæð vegna minni umsvifa tengdra atvinnugreina og samneyslu. Samkvæmt athugun Byggðastofnunar árið 2000 var talið að reikna megi með að afleidd störf séu 0,75 af hverju starfi í sjávarútvegi í sjávarbyggðum. Með hliðsjón af tækniþróun er ekki óvarlegt að reikna með einu afleiddu starfi á hvert starf í sjávarútvegi.

Reiknað er með að útsvarsprósenta sé 14,44% og að aflagjald séu 1,35% af aflaverðmæti.

## Makrílveiðar smábáta

Makrílveiðar smábáta hafa verið umtalsverðar síðustu ár. Árið 2014 veiddu smábátar 7.466 tonn af makríl sem nær eingöngu fór í frystingu. Er áætlað aflaverðmæti 560 milljónir króna. Þeir smábátar sem veiddu makríl eru skráðir á yfir 30 stöðum á landinu. Mestur var makrílafli báta frá Snæfellsbæ eða 1.842 tonn. Í öðru sæti var Sandgerði með 647 tonn og í þriðja og fjórða sæti voru Akranes og Grindavík með 578 og 577 tonn. Bátar frá öðrum stöðum voru með innan við 500 tonn. Sé horft til þess hvar landað var þá er Snæfellsbær langhæstur með 4.562 tonn. Í öðru sæti er Reykjanesbær með 1.204 tonn og í þriðja sæti Grindavík með 702 tonn. Enginn annar staður er með yfir 500 tonn lönduð.

Ljóst er að innflutningsbann Rússa hefur töluverð áhrif á afkomu smábátasjómannanna og þeir eru flestir upp á aðra komnir með sölu makrílsins. Einungis tiltölulega fáir hafa sjálfir unnið úr aflanum og þá í mjög litlum mæli. Samkvæmt upplýsingum Fiskstofu er afli smábáta nú kominn í 2.385 tonn sem er mikill samdráttur miðað við fyrra ár og er sökin ekki léleg aflabrögð. Leiða má að því líkum að samdráttur þessi stafi fyrst og fremst af markaðserfiðleikum. Að hve miklu leyti það er vegna lokunar Rússlands verður ekki lagt mat á hér.



Mynd 3. Makrílafli smábáta eftir höfnum 2014